



Til: sv@os.is

Efni: Umsókn Fallorku um rannsóknarleyfi vegna áætlana um Kambfellsvirkjana á vatnasvæði Hraun Hagár í Eyjafjarðarsveit

Upplýsingar: Sent: 14.08.2017 13:24:40 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017070018, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2017070018

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 13. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Fallorku ehf. um rannsóknaleyfi vegna áætlana um Kambfellsvirkjanir á vatnasviði Hagár í Hagárdal og Hrauná í Hraunárdal í Eyjafjarðarsveit.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna í sem ekki hafa í för með sér rask á landi. Hugmyndir um stærð framangreindra virkjana er óþekkt, sem og aðrar kennistærðir, en líklegt að virkjanirnar falli ekki undir A flokk 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum né heldur undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Engu að síður telur Náttúrufræðistofnun að líta eigi til sömu viðmiða hvað varðar leyfisveitingar um orkurannsóknir vegna minni virkjana og finna má í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011, þ.e. að rannsóknirnar séu ekki leyfisskyldar og framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða hugsanlega háðar mati á umhverfisáhrifum. Einnig að rannsóknirnar fari ekki í bága við lög um náttúruvernd s.s. akstur utan vega o.fl. Á það verður að líta að þessar fyrirhuguðu virkjanir eru settar í samhengi við Djúpadalsvirkjanir I og II og er því eðlilegra að skoða samlegðaráhrif þeirra í stað þess að skoða hverja virkjun fyrir sig.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

